

161
5. sept.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hvammstangakauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hin löggilta höfn nær yfir skipalagi meðfram strandlengju verzlunarlóðarinnar. Það er frá Ytri-Hvammsá að norðan og að norðurenda Vallnahöfða að sunnan.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Yfirstjórn hafnarinnar er í höndum hreppsnefndar Hvammstangahrepps og Kaupfélags Vestur-Húnavetninga.

3. gr.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur, annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd Hvammstangahrepps og K. V. H.

4. gr.

Hafnarnefnd er skipuð þrem mönnum, og er einn kosinn af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, einn af stjórnarnefnd K. V. H. og einn af sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu. Hafnarnefnd kýs sér sjálf formann, og er hann hafnarstjóri, skal hann jafnan vera búsettur á Hvammstanga. Hafnarnefnd er kosin til þriggja ára, og gengur einn úr nefndinni á ári, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti. Hafnarnefnd ákveður þóknun til hafnarstjóra og setur honum erindisbréf. Hafnarstjóra er heimilt að láta annan gena störfum sínum um stundarsakir, ef hafnarnefnd samþykkir.

5. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í sjóð Hvammstangahafnar og skal honum eingöngu varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum þeim, sem henni heyra til, svo og reksturs og viðhalds þeirra og til endurgreiðslu á lánnum til bryggjugarinnar. Hreppsnefnd Hvammstangahrepps og stjórn K. V. H. veita fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar og ákveða hvernig hann skuli ávaxta, enda ber Hvammstangahreppur og K. V. H. ábyrgð á eignum hans að jöfnu. Reikningar sjóðsins skulu fylgja sveitar-sjóðsreikningum Hvammstangahrepps og rekstrarreikningum K. V. H. og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

6. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og bryggjum hennar. Er öllum skylt innan verksviðs hans að hlíta boði hans og banni, og enn fremur þeirra starfsmanna, sem hafnarnefnd kann að setja til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært hann fyrir hafnarnefnd,

en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu. **161**

5. sept.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á bryggjum hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa, eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

8. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru því, er getur valdið skemmdum á höfninni, frá skipum er þar eru, né flytja það úr landi út í höfnina. Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema með samþykki hafnarnefndar og yfirstjórnar hafnarinnar. Eigendum þeirra mannvirkja, sem eru eða kunna að verða gerð með ofangreindu samþykki, er skylt að halda þeim við þannig, að engin hættu geti stafað af þeim. Nú vanrækir eigandi slíks mannvirkis að halda því í því ástandi, sem nauðsynlegt er, að áliti hafnarstjóra, og er þá hafnarnefndinni heimilt að láta gera við mannvirkid á kostnað eiganda, en eigandi er alltaf ábyrgur fyrir öllum þeim skaða á skipum og mannvirkjum annara, er kann að stafa frá mannvirki hans.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

9. gr.

Skip, sem hvorki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi afgreiðslu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja, eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur að komast að eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggja svo að það hindri eða tefji umferð um höfnina. Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt eða strengi á höfninni og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

10. gr.

Ekki má festa skip eða bát við bryggju nema við festarhringa eða festarstólpa og skal festum þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð um bryggjuna. Þyki þess ekki nægilega gætt, getur hafnarstjóri látið bæta úr því tafarlaust.

V. KAFLI

Notkun hafnabryggjanna.

11. gr.

Meðan hafnarnefnd ekki ákveður annað, er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til að fá afgreiðslu við bryggju, þótt önnur skip séu þar fyrir, og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með nægilegum hraða, að áliti hafnarstjóra, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, er hann krefst þess.

12. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal afgreiðslumaður eða skipstjóri láta ræsta bryggjuna, ef þörf gerist. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiða allan kostnað.

VI. KAFLI

Um bryggjugjöld.

13. gr.

Öll aðkomuskip og aðkomubátar, sem mældir eru til lestartals, skulu greiða í bryggjugjald 10 aura af hverri nettó smálest í hvert sinn, er þau leggjast að bryggju á Hvammstangahöfn. Þó með þeim undantekningum, sem síðar segir. Lægsta gjald skal þó vera 1 króna.

14. gr.

Bátar heimilisfastir á Hvammstanga og nágrenni skulu greiða 50 aura á sólarhring fyrir afnot bryggju og löndunartækja hafnarinnar. Þó ekki meira en 20 krónur á ári. Undanþegin hafnargjöldum eru varðskip, vitaskip, skemmtiskip, rannsóknarskip og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda.

VII. KAFLI

Um vörugjöld.

15. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum (lifandi dýr meðtalin) sem fluttar eru af eða á skipsfjöl á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu grein.

16. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru:

- a. umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá,
- b. vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi,
- c. póstflutningur og farangur ferðamanna,
- d. efni og áhöld til hafnarinnar. Aldrei skal taka tvisvar gjald af sömu vöru.

17. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður skips eða báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefir fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af. Vörur skal flokka eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald greiðist eins og þar segir.

18. gr.

1. flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg. Kol, salt, sement og tilbúinn áburður.
2. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg. Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
3. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet. Timbur.
4. flokkur: Gjald 8 aurar fyrir hvert teningsfet. Önnur vara eftir máli.
5. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hverja tunnu. Olíur, benzín og smurningsolíur.

6. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hverja tunnu. Kjöt, slátur, síld o. fl.
7. flokkur: Gjald 15 aurar fyrir hvert stk. Stykkjavara einstaklinga.
8. flokkur: Gjald 1 króna fyrir hvert stk. Hestar og nautgripir.
9. flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hvert stk. Kindur.
10. flokkur: Gjald 2 krónur fyrir hvert stk. Bátar, bifreiðar o. þ. u. l.

161

5. sept.

VIII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

19. gr.

Skipstjóri eða formaður á bát ber ábyrgð á greiðslu bryggjugjalds. Ef enginn skipstjóri er eða formaður á fleytunni, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefir haldsrétt yfir fleytunni, unz gjöldin eru greidd. Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skipið fer burt úr höfninni. Gjalddaga fyrir ársgjöld ákveður hafnarstjóri.

20. gr.

Gjöld fyrir vörur þær, sem um getur í vörugjaldskrá, greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Hvammstanga, og hefir hafnarsjóður haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Ef margir eiga vöru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á vörugjaldinu. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip. Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni má taka lögtaki, og sér hafnarstjóri um innheimtu þeirra.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, geta aðiljar komið sér saman um, að þær skuli ákveðast af þremur óvilhóllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsgerð var lokið. Yfirmatið skal framkvæmt af fimm dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er krafðist þess, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinnu ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

22. gr.

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarstjóri tekur gilda.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í sjóð Hvammstangahafnar.

161

5. sept.

24. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

25. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. september 1939.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

162

6. sept.

REGLUGERÐ

um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða.

1. gr.

Heildsalar mega ekki láta úti benzín til bifreiðaaksturs nema til smásala, sem annast benzínsölu á bifreiðar annaðhvort fyrir eigin reikning eða í umboði heildsalans (olíufélagsins).

Eigendum og umráðamönnum benzínbirgða, sem ætlaðar eru til afhendingar í smásölu, er óheimilt að láta úti nokkuð af þeim til bifreiðaaksturs fram yfir það, sem nægir til að fylla benzíngeymi bifreiðar þeirrar, sem benzínið tekur, og má ekki tæma benzíngeymi bifreiðarinnar á annan hátt en með eðlilegri eyðslu gangvélar bifreiðarinnar, nema þess þurfi vegna bilunar á bifreiðinni eða hún sé tekin úr notkun.

Benzín má ekki, án sérstakrar heimildar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, láta úti til annara mannflutningabifreiða en þeirra, sem samkvæmt reglugerð þessari hafa heimild til aksturs og ekki til annara leigubifreiða til mannflutninga en þeirra, sem við setningu reglugerðar þessarar eru skráðar og notaðar sem leigubifreiðar til mannflutninga. Ekki má heldur láta úti benzín til bifreiða þeirra, sem ætlaðar eru til smáflutninga þeirra, sem um ræðir í 7. gr. reglugerðar þessarar.

Ráðuneytið getur þá veitt undanþágu frá þessum ákvæðum þegar það telur ástæðu til.

2. gr.

Benzín til annarar notkunar en bifreiðaaksturs er bannað að afhenda nema til nauðsynlegustu þarfa og ekki án sérstakrar heimildar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins meira en venjulegan vikuförða hlutaðeiganda.

3. gr.

Allur akstur einkabifreiða til mannflutninga er bannaður, með þeim undantekningum, sem segir í reglugerð þessari.

Einkabifreið til mannflutninga telst hver sú mannflutningabifreið, sem ekki er aðallega notuð til flutninga á fólki fyrir borgun.

Allur akstur bifhjóla er bannaður.

4. gr.

Undanþegnar banni því, sem um ræðir í 1. gr. eru bifreiðar lækna og yfirsetukvenna að því leyti, sem þær eru eingöngu notaðar til sjúkravitjana, svo og bifreiðar útsendra fulltrúa erlendra ríkja. Ennfremur getur atvinnu- og samgöngu-